

SKJAL I. VILJAYFIRLÝSING

Reykjavík, 20. október 2009.

Hr. Dominique Strauss Kahn
framkvæmdastjóri
Alþjóðagjaldeyrisjóðurinn

Washington, D.C., 20431

U.S.A.

Ágæti Strauss Kahn:

1. Í meðfylgjandi greinargerð um stefnu í efnahags- og fjármálum er skýrt frá því hvernig tekist hefur að uppfylla þau markmið sem sett voru fram í fjárstuðningsáætlun okkar. Eins og fram kemur í upphaflegri viljayfirlýsingu um efnahagsáætlunina, sem dagsett er 15. nóvember 2008, var stefnt að því að tryggja stöðugleika krónunnar, endurreisa fjármálakerfið og tryggja sjálfbærni í opinberum fjármálum á næstu misserum.

2. **Seinkun hefur orðið á því að stefnumið áætlunarinnar kæmust í framkvæmd en nú er okkur að takast að ná settum markmiðum.** Við förum þess á leit að veitt verði undanþága frá þeim árangursviðmiðum sem kveða á um hreinan fjármagnsjöfnuð ríkissjóðs og hreinan gjaldeyrisforða fyrir desemberlok 2008, endurfjármögnun bankanna fyrir lok febrúar 2009 og þá viðvarandi viðleitni að herða ekki gjaldeyrishöftin enn frekar. Eins og greint er frá í samkomulaginu hefur verið staðið við forgangsaðgerðir til að snúa stefnunni í tilsettan farveg. Einkum skal bent á að gjaldeyrisforða hefur verið haldið hæfilega yfir lágmarki frá og með ágústlokum (beitt hefur verið peningastefnu sem miðar að stöðugleika á gengi gjaldmiðilsins), samþykkt hefur verið áætlun um að afnema gjaldeyrishöftin í þrepum (sem samræmist auknum stöðugleika gjaldmiðilsins), tveir af stóru viðskiptabönkunum þremur hafa verið endurfjármagnaðir, og áætlun okkar til styrkingar ríkisfjármálanna hefur verið samþykkt. Skýrt er frá stöðu allra þátta áætlunarinnar í 1. og 2. lið greinargerðarinnar.

3. **Samkvæmt þessu förum við fram á að fyrstu endurskoðun vegna stuðningsfjármögnunarinnar verði lokið.** Við förum þess einnig á leit að gengið verði frá annarri greiðslu samkvæmt þessu samkomulagi að heildarupphæð 105 milljónir SDR.

4. **Þar sem fyrsta endurskoðun hefur frestast, mælumst við enn fremur til þess að samkomulagið verði framlengt til maíloka árið 2011 og greiðslur endurskipulagðar í samræmi við það.** Við förum fram á að mælanlegum árangursviðmiðum áætlunarinnar verði sett hámark og lágmark fyrir 31. október og 31. desember 2009, með ársfjórðunglegum endurskoðunum, eins og fram kemur í hinni tæknilegu útfærslu á samkomulaginu sem fylgir

hér með. Önnur endurskoðun mun fara fram eftir 15. desember 2009. Við förum einnig fram á að árangursviðmiðin um breytingu á nettólánum Seðlabankans til einkageirans og breytingu á nettólánum Seðlabankans til hins opinbera verði felld niður og þess í stað verði sett nýtt árangursviðmið um breytingu á hreinum innlendum eignum Seðlabankans. Þar sem innstæður ríkisins í Seðlabankanum eru mikilvægur liður í stefnu okkar varðandi skuldastýringu förum við fram á að hámark nettólána Seðlabankans til hins opinbera verði haft sem leiðbeinandi markmið. Eins og gerð er nákvæm grein fyrir hér að neðan er tillaga okkar sú að þrír nýir liðir sem varða endurskipulagningu verði settir sem mælistika á þann árangur sem nást mun á sviði efnahags- og fjármála (2. liður greinargerðarinnar). Í hinni tæknilegu útfærslu á samkomulaginu er gerð nánari grein fyrir því hvernig árangur áætlunarinnar er mældur.

5. Við teljum að þau stefnumið sem sett er fram í viljayfirlýsingunni þann 15. nóvember 2008, sem og í meðfylgjandi greinargerð, séu fullnægjandi til að markmiðum áætlunarinnar verði náð. Við erum reiðubúin til að grípa til frekari ráðstafana gerist þess þörf. Við munum eiga samráð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um allar slíkar ráðstafanir og áður en stefnumið þessarar viljayfirlýsingar verða endurskoðuð í samræmi við stefnu sjóðsins um slíkt samráð.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra

Már Guðmundsson
bankastjóri Seðlabanka Íslands

SKJAL II. GREINARGERÐ UM STEFNU Í EFNAHAGS- OG FJÁRMÁLUM

1. **Hröð aðlögun íslensks hagkerfis í kjölfar fjármálakreppu ársins 2008 heldur áfram, en jákvæð teikn eru þó farin að sjást á lofti.** Samdráttur í efnahagslífi landsins hefur fram til þessa verið minni en gert var ráð fyrir, fyrst og fremst vegna þess að samdráttur innlendrar eftirspurnar hefur beinst að innflutningi í meira mæli en reiknað var með. Fjárfestingar atvinnulífsins hafa verið minni en vænst var og ekki er vitað með vissu hvenær stórum verkefnum í ál- og orkugeiranum verður hrundið í framkvæmd. Verðbólga hefur þó minnkað vegna almenns stöðugleika krónunnar. Tólf mánaða verðbólga í árslok 2008 var 18% og þar með minni en gert var ráð fyrir í áætlun okkar, og er nú komin niður í u.þ.b. 11%. Auk þess sjáum við enn fram á að stöðugleiki náist í efnahagslífi landsins á árinu 2010.
2. **Þörf okkar fyrir ytri fjármögnun er í meginatriðum sú sama og gert er ráð fyrir í áætluninni.** Útflutningur mun verða minni en gert var ráð fyrir á árabílinu 2009–2010 vegna minni alþjóðlegs hagvaxtar, en meiri samdráttur en reiknað var með í innlendri eftirspurn ætti einnig að draga úr innflutningi. Varðandi fjármagnsjöfnuðinn kunna að verða tafir á beinum fjárfestingum erlendra aðila í áliðnaðinum, en áætlunin um stigminnkandi gjaldeyrishöft ætti að draga úr útflæði fjármagns og vega þar á móti. Athugun á nýlegum gögnum um erlendar skuldir í lok árs 2008 hefur leitt til hækkunar á metnum erlendum skuldum og greiðslubyrði til millilangs tíma, en gert er ráð fyrir því að hin herta fjármálastefna sem gerð er grein fyrir í þessari viljayfirlýsingu vegi á móti því.

Peningastefna

3. **Peningastefnan mun áfram miða að því að viðhalda stöðugu gengi krónunnar, innan ramma sveigjanlegrar gengisstefnu.** Þar sem reiknað er með að krónan verði undir raunvirði til lengri tíma litið, verður áfram mikil hætta á að án traustrar peningastefnu (sem nær bæði til gjaldeyrishafta og vaxtastigs) gæti mikið útflæði fjármagns leitt til mjög mikils gengisfalls. Slíkt myndi reyna mjög á efnahag heimila og fyrirtækja og skapa með því óviðunandi hættu á verðbólgu og hamla vexti efnahagslífsins.
4. **Ásættanlegt vaxtastig verður áfram mikilvægt fyrir stöðugleika krónunnar.** Gjalddeyrishöftin hafa dregið úr þrýstingi á stýrivexti, en þar sem erfitt er engu að síður að hindra að farið sé í kringum þau hefur verið nauðsynlegt að halda hlutfallslega háu vaxtastigi til að halda genginu stöðugu. Frá marsbyrjun höfum við getað lækkað stýrivexti í áföngum, þar sem gengi krónunnar hefur verið vel yfir sögulegu lágmarki og gjaldeyrisstaðan hefur haldist stöðug. Við munum áfram fylgjast með stöðugleika gjaldmiðilsins sem og að gjaldeyrisforðinn sé stöðugur og taka mið af þeim þáttum í næstu stefnuákvörðunum, og vera reiðubúin til að herða á stefnunni í peningamálum ef nauðsyn krefur. **Forgangsaðgerð** áður en endurskoðun fer fram er að settu markmiði um gjaldeyrisvaraforða verði náð, án þess að það hafi áhrif á stöðugleika gjaldmiðilsins. Til framtíðar er þess vænst að hin víðtæka stefnuáætlun sem við höfum gert, og inniheldur m.a. loforð um utanaðkomandi fjármögnun, fjárhagslegar skuldbindingar og áþreifanlegan árangur við endurskipulagningu

fjármálakerfisins, styrki gengi krónunnar og gjaldeyrisvaraförðann. Með þessu móti yrði til aukið svigrúm til að lækka stýrivexti og afnema gjaldeyrishöft í áföngum.

5. **Við höfum gert áætlun um að draga smám saman úr gjaldeyrishöftum á áætlunartímabilinu.** Hún hefur verið samþykkt af ríkisstjórninni (**forgangsaðgerð** fyrir endurskoðun) og er sem hér segir:

- Hægt verður að hefja afnám gjaldeyrishafta þegar grunnskilyrði hafa verið uppfyllt. Fyrst og fremst þarf: (i) að innleiða að fullu áætlun okkar um efnahagslegan stöðugleika; (ii) að koma á fót öflugu fjármálakerfi sem er vel stjórnað, er undir tilhlýðilegu eftirliti og verður í stakk búið til að standast ófyrirsjáanlegt fjármagnsflæði þegar höftum hefur verið aflétt; (iii) að koma á skilvirku fyrirkomulagi lausafjárstýringar, og (iv) að safna nægilegum gjaldeyrisforða (til að tryggja gengisstöðugleika og lausafjárframboð í bankakerfinu ef nauðsyn krefur). Þess er vænst að ofangreindum skilyrðum hafi verið fullnægt undir lok ársins 2009.
- Greint verður á milli reikninga, eignaflokka og viðskipta sem höftum verður létt af snemma í ferlinu og annarra sem áfram munu sæta takmörkunum um lengri tíma. Hinum síðarnefndu, svokölluðu „heftu reikningum“ munu tilheyra fjáreignir sem taldar eru miklar líkur á að verði fluttar úr landi, og ef höftum yrði aflétt of snemma kynni það að grafa undan skilvirkni kerfisins.
- Höftin verða afnumin í áföngum. Í fyrsta áfanga verður hægt að afnema höft af öllu innstreymi erlends fjármagns á tiltölulega skömmum tíma. Í öðrum áfanga verður höftum af útstreymi frá „óheftum“ reikningum, eignaflokkum og viðskiptum aflétt smám saman, eftir því sem horfur um greiðslujöfnuð batna og traust á íslenska bankakerfinu eykst. Í lokaáfanganum verður höftum smám saman létt af „heftum“ reikningum. Þessi áfangi hefst ekki fyrir en tveimur fyrri áföngunum loknum og að því gefnu að nægur gjaldeyrisforði sé til staðar (til að stuðla að því að gengið haldist stöðugt). Notkun krónunnar í alþjóðlegum viðskiptum verður áfram háð takmörkunum þar til afnám gjaldeyrishaftanna kemst á lokastig.
- Takmarkanir á útstreymi frá „heftum“ reikningum, þegar höftum af þeim verður aflétt, verða annaðhvort afnumdar með stighækkandi viðmiðunarfjárhæðum eða með sérhæfðum uppboðum á breytanlegum skuldabréfum.
- Þar sem ekki er hægt að aflétta höftum umsvifalaust og nauðsynlegt er að framfylgja reglum um þau verður stjórnsýsla þar að lútandi einnig efl. Reglubundin tilkynningaskylda banka og annarra aðila sem stunda gjaldeyrisviðskipti hefur verið hert, komið hefur verið á fót sérstakri eftirlitsstarfsemi í Seðlabankanum og sérstök rannsóknardeild sett á laggirnar innan Fjármálaeftirlitsins. Tveir síðastnefndu aðilarnir skiptast á upplýsingum og starfa saman að því að auka eftirlit og tryggja samræmd vinnubrögð samkvæmt formlegu samkomulagi milli Seðlabankans og

Fjármálaeftirlitsins sem undirritað var í júní sl. Við væntum þess að þetta aukna aðhald verði til þess að hægt verði að létta á vaxtastefnu Seðlabankans.

- Áætlunin verður betrubætt og endurskoðuð með tilliti til fenginnar reynslu frá fyrri stigum. Fyrirkomulag gjaldeyrishaftanna verður í stöðugri endurskoðun til að tryggja að þau virki með lágmarksumsýslu og að undanskot verði sem minnst. Seðlabankinn er ávallt tilbúinn til að herða eftirlit með þessum „heftu“ reikningum ef aðstæður krefjast þess.
- Þótt oftast sé hægt að yfirfæra almennar greiðslur þá hafa gjaldeyrishöftin smávægileg áhrif á tvo þætti slíkra greiðslna eins og þær eru skilgreindar, samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum: vexti af skuldabréfum (en yfirfærsla þeirra er ákvörðuð af gjaldeyrisreglunum í samræmi við eignarhaldstímabilið) og verðtrygginguna af viðkomandi afborgun höfuðstóls. Að því leyti sem þessi ákvæði takmarka gjaldeyrisviðskipti förum við fram á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veiti okkur tímabundna undanþágu frá því árangursviðmiði sem fjárstuðningsáætlunin kveður á um.

6. **Aðgerðir í peningamálum hafa verið hertar til stuðnings áætluninni.**

Seðlabankinn hefur sett fram áætlun um inngrip sem inniheldur viðmið um ásætlanlegt gengisflókt og markmið um hreina gjaldeyrisöfnun í samræmi við markmið áætlunarinnar um hreina stöðu gjaldeyrisforðans. Reglur um lausafjárstýringu hafa einnig verið hertar. Frá og með 1. júlí höfum við aukið lausafjárstýringu á markaði, og sett upp áætlun um vikulega útgáfu innstæðubréfa (28 daga innstæðubréf verða notuð til að draga úr lausafé þannig að vaxtagangur Seðlabankans hafi meiri áhrif).

Stefna varðandi fjármálakerfið

7. **Stefna okkar varðandi fjármálakerfið mun áfram lúta nokkrum meginreglum.** Í fyrsta lagi er mikilvægt, frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að komið verði á fót traustu bankakerfi eins fljótt og unnt er. Þrátt fyrir að við leggjum áfram áherslu á að vernda innlendar innstæður höfum við, í öðru lagi, enga fjárhagslega getu til að taka á okkur tap einkageirans vegna bankakreppunnar umfram það sem orðið er, hvort sem um væri að ræða bein framlög ríkisins eða að gengið væri óbeint á efnahagsreikning þess með aukinni áhættu. Í þriðja lagi verður að tryggja að komið sé fram við innstæðueigendur og kröfuhafa á sanngjarnan hátt, án mismununar og í samræmi við gildandi lög.

8. **Við höfum eflt yfirumsjón með endurreisn fjármálakerfisins.** Framkvæmdanefnd sem skipuð er af fulltrúum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Seðlabankanum mun áfram hafa yfirumsjón með endurreisn fjármálakerfisins. Sérstök nefnd var stofnuð á vegum fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og forsætisráðuneytis til að stýra endurfjármögnun nýju bankanna þriggja. Virtir fjármálaráðgjafar hafa verið ráðnir til að

fjalla um endurgjald. Öllum viðkomandi aðilum hefur opinberlega verið gerð grein fyrir þessum nýju nefndum og ábyrgðaraðilum.

9. **Meginmarkmiðið er að endurfjármagna nýju bankana þrjá (sem stofnaðir voru eftir hrun gömlu bankanna).** Mikið hefur áunnist, en gera þarf enn betur til að leiða þetta verkefni til lykta.

- Í apríl sl. lauk mati á þeim eignum sem fluttar voru frá gömlu bönkunum til hinna nýju. Hver banki fékk því í sinn hlut áætlað eignaverðmæti að gefnum tilsettum forsendum. Þetta eignamat var mikilvægt sem liður í upplýsingaöflun og gagnlegt innlegg í samningaviðræðum við kröfuhafa.
- Við höfum lokið upplýsingaskiptum við skilanefndir gömlu bankanna til að viðræður um endurgjald til þeirra og hugsanlegt greiðslufyrirkomulag geti farið fram á gegnsæjan og sanngjarnan hátt. Við höfum einnig tryggt fullnægjandi aðgang skilanefnda gömlu bankanna að óháðri skýrslu um verðmæti eigna og einnig að viðskiptaáætlunum nýju bankanna. Síðast en ekki síst höfum við hitt fulltrúa kröfuhafahópa gömlu bankanna og miðlað upplýsingum (til viðbótar þeim upplýsingum sem þessir aðilar hafa fengið hjá skilanefndunum).
- Setja varð viðræðum ákveðin tímamörk, en kröfuhafar urðu þó að fá nægilegan tíma til að vinna úr upplýsingum og skoða aðra kosti. Viðræður hófust í apríl en urðu mun tíðari í fyrri hluta júnímánaðar eftir að skilanefndirnar fengu aðgang að viðskiptaáætlunum nýju bankanna og óháðu matsskýrslunni um eignir bankanna. Um miðjan júlí og einnig um miðjan ágúst var tíminn framlengdur að beiðni fulltrúa kröfuhafa.
- Gengið hefur verið frá endurgjaldi til gömlu bankanna með tilliti til óvissu um sanngjarnt mat á eignum, og svo mun áfram gert. Það getur í öllum tilvikum samanstaðið af skuldaskjali með föstum vöxtum og skjali þar sem tekið er mið af fjárhagslegri niðurstöðu við endurgreiðslu. Þegar hefur verið gengið frá slíkum samningum við skilanefndir gamla Kaupþings og Glitnis. Við stefnum að því að ná samkomulagi við skilanefnd Landsbankans um miðjan nóvember.
- Íslandsbanki og Nýi Kaupþing banki hafa verið endurfjármagnaðir (**forgangsáðgerð** fyrir endurskoðun) eftir bráðabirgðaáritun endurskoðenda á stofn efnahagsreikninga þeirra (samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)), og endurskoðun á endurgjaldi fyrir fluttar eignir. Eiginfjárhlutfall (að meðtalinni fjármagnsþörf til að standa straum af markaðs- og rekstraráhættu) hefur í báðum þessum nýju bönkum verið hækkað í 12%, með framlagi í formi markaðshæfra ríkisskuldabréfa. Við væntum þess að Landsbankinn verði endurfjármagnaður og að markaðshæf ríkisskuldabréf verði einnig notuð til að eiginfjárhlutfall hans verði hið sama. Við leggjum til að endurfjármögnun Nýja Landsbankans verði **skipulagsmarkmið** fyrir nóvemberlok.

10. **Hafist hefur verið handa við að endurskipuleggja starfsemi nýju bankanna:**

- Gerð hefur verið áætlun um hvernig komið verði til móts við fjárhagslegt ójafnvægi þeirra. Gjaldeyriseignir bankanna umfram skuldir valda því að hætta er á að þeir geti orðið fyrir miklu fjárhagslegu tapi ef til gjaldeyrissveiflna kemur. Taka mun tíma að eyða þessari skekkju, og eins og fjallað hefur verið um hér fyrir framan mun endurfjármögnun bankanna taka mið af þessu. Við gerum ráð fyrir að samkomulagið við bankana verði með mismunandi hætti. Við væntum þess að um verði að ræða sambland endurgjalds í erlendri mynt; víkjandi lána (sem hluta af endurfjármögnun); endurskoðunar á lánum og innlánsvöxtum; og skuldbreytinga (í samræmi við endurskipulagninguna sem gerð er grein fyrir hér að neðan) í hverjum banka fyrir sig.
- Nýju bankarnir þrír hafa afhent Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðar viðskiptaáætlanir sem ná til næstu þriggja ára (Fjármálaeftirlitið tók við þeim og fór yfir þær um miðjan janúar 2009 í samræmi við **skipulagsmarkmið** áætlunarinnar). Þessar viðskiptaáætlanir eru byggðar á þjóðhagslegum horfum og taka til starfsmannahalds, skipulags bankans og þeirrar þjónustu sem hann mun veita viðskiptavinum sínum í framtíðinni. Þær innihalda ársfjórðungsleg markmið um að gjaldeyrisójöfnuði verði smám saman eytt (í samræmi við áætlun um hvern banka fyrir sig í punktageininni hér fyrir ofan), um endurskipulagningu lána, og um að starfsemin verði rekin í samræmi við það sem best gerist í alþjóðaviðskiptum.
- Sem stjórnslutæki gagnvart nýju bönkunum höfum við sett á fót Bankasýslu ríkisins til að fara með hlutabréf ríkisins í bönkunum. Starfsemi hennar verður komin í fullan gang í lok október 2009. Í stjórn Bankasýslunnar eiga sæti sérfræðingar sem búa yfir mikilli reynslu og hæfni á sviði bankamála, og í umboði hennar mun stofnunin annast samningaviðræður við bankana um endurskipulagningu á starfsemi þeirra í því skyni að þeir nái að skila stöðugri arðsemi, og til að tryggja að starfsemi þeirra sé almennt rekin af hagsýni og fyrirhyggju. Stofnunin mun einnig hafa umsjón með að ávallt sé farið að settum reglum um fjármögnun bankanna og veita samþykki sitt fyrir auknu fjármagni til að viðhalda vexti eigna.

11. **Gömlu bankarnir þrír eru nú í slitameðferð.** Hámarksendurheimt kröfuhafa verður ákveðin í samræmi við lagalega stöðu eigenda tryggðra skuldabréfa, innstæðueigenda og eigenda ótryggðra skuldabréfa samkvæmt gildandi lögum um gjaldþrot. Enn fremur var sett á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi meðal stjórnenda gömlu bankana og leggja fram ákærur. Lögð er áhersla á að þessu embætti séu veittir nægir fjármuni til að það geti sinnt skyldum sínum.

12. **Verið er að gera ráðstafanir til tryggja virkni þess sem eftir stendur af fjármálakerfinu.** Margir innlendir sparisjóðir og fjárfestingabanki urðu fyrir tapi vegna hruns gömlu bankanna þriggja og í kjölfar óróleika á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Í mars 2009 reyndist nauðsynlegt að grípa inn í starfsemi nokkurra þessara stofnana þar sem kröfuhafar og eigendur gátu ekki fundið viðunandi lausn á greiðslu-

og/eða lausafjórvaða (þrátt fyrir að þeim hefði verið veittur frestur oftast en einu sinni). Innlán voru flutt í aðrar fjármálastofnanir. Til að starfsemi sparissjóðanna geti haldið áfram var sett fram áætlun sem heimilar okkur að leggja fjármagn í starfhæfar stofnanir þannig að eiginfjárlutfall þeirra verði 12% af vegnum áhættugrunni. Framlag ríkissjóðs nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé sparissjóðs í lok árs 2007. Til að uppfylla tilskildar kröfur skal rekstraráætlun þeirra, sem og hæfni og hagsmunalegt sjálfstæði yfirstjórnenda og forstjóra fyrst tekið til ítarlegrar rannsóknar af Fjármálaeftirlitinu, og fjármálaráðuneytið verður að vera fullvisst um að í rekstraráætlunum þeirra sé hvorki áhætta né tap yfirfært á hið opinbera. Við væntum þess að þessari áætlun verði lokið eigi síðar en 30. nóvember, og að þá hafi allir starfandi sparissjóðir verið fjármagnaðir að fullu. Við leggjum til að það verði **skipulagsmarkmið** að ná þessum áfanga á tilsettum degi.

13. **Sem eigandi fjármálastofnana hefur ríkisstjórnin samþykkt aðgerðaáætlun sem gildir á meðan enduruppbygging fjármálakerfisins stendur yfir.** Meginmarkmiðið er að tryggja bankþjónustu um land allt, jafnframt því sem unnið er að því að byggja upp traust og arðbært fjármálakerfi og stuðla þannig að hagvexti. Önnur markmið okkar eru m.a. að auka samkeppni og skilvirkni og stuðla að gegnsæi í fjármálakerfinu. Ætlunin er að minnka eignarhlut ríkisins í bönkunum þegar markaðsaðstæður leyfa.

14. **Einnig er unnið að endurbótum á regluverki og eftirlitsstarfsemi.** Alþjóðlegur sérfræðingur hefur lokið endurskoðun á reglum og eftirliti með að þeim sé framfylgt og birt niðurstöður sínar (samkvæmt **árangursviðmiði áætlunarinnar um endurskipulagningu**), og við ætlum að innleiða helstu tillögur hans:

- Ráðgert er að lagt verði fram á Alþingi lagafrumvarp um valdsvið eftirlitsstofnanna, gerð útlánaskráar (til að hægt verði að greina og fylgjast með stórum áhættum), umbætur á innstæðutryggingakerfinu, og skynsamlegar reglur um stórar áhættur og lán til tengdra aðila. Við leggjum til að lagafrumvarp þetta verði **skipulagsmarkmið** fyrir desemberlok.
- Í árlegri starfsáætlun Fjármálaeftirlitsins verður lögð áhersla á að auka tíðni vettvangsathugana með aukinni sérhæfingu innan stofnunarinnar og meiri fjármunum til að sinna slíku eftirliti. Til að efla rannsóknarstarfsemi sína er Fjármálaeftirlitið jafnframt að koma á fót sérstakri bókhaldsrannsóknadeild með sérhæfðu starfsfólki til að koma upp um og fyrirbyggja fjárvik og lögbrot, veita aðstoð við málsóknir og stuðla að minnkandi áhættu. Formleg starfsemi deildarinnar hófst í ágúst.
- Einnig er áformað að leggja fram lagafrumvarp um gjald- og greiðsluþrot banka svo að til verði reglur um skilameðferð banka.

Endurskipulagning skulda

15. **Markviss endurskipulagning á skuldastöðu heimila og fyrirtækja er mikilvægur liður í því að stefnan um endurskipulagningu fjármálakerfisins nái fram að ganga.** Mikilvægt er að takast á við lán sem eru í vanskilum og lán sem gætu farið í vanskil til að

stuðla að hröðum efnahagsbata. Nokkrar meginreglur verða hafðar að leiðarljósi við nánari stefnumótun á þessu sviði, þar með talið nauðsyn þess að: beina íhlutun okkar þangað sem þörfin er mest (og í samræmi við getu fjármálakerfisins), viðhalda greiðsluvenjum og forðast skipulegar vanefndir, hámarka endurheimt eigna, og auðvelda markaðnum að greina milli áreiðanlegra lántakenda sem njóta skulu greiðsluaðlögunar og óáreiðanlegra lántakenda sem rjúfa skal öll fjárhagstengsl við.

16. Þegar hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana fyrir heimilin og nú er lögð megináhersla á regluverk varðandi gjaldþrot einstaklinga.

- Meðal markvissra aðgerða til að styðja við skuldsett heimili er: (i) setning laga um „tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði“ sem veita heimild til að lengja lánstíma hóflegra veðlána ef úrræði utan dómstóla hafa reynst ófullnægjandi, og (ii) breyting á gjaldþrotalögum til að einstakir skuldara og ótryggðir kröfuhafar geti samið sín á milli. Þar sem þessi lög hafa nú tekið gildi höfum við aflétt óformlegri frýstingu á afborgunum veðlána og heimild um að ekki sé hægt að ganga að veðum mun frá og með októberlokum renna út, og verða að fullu útrunnin í janúarlök 2010.
- Við erum að skoða gögn um tekju- og skuldastöðu heimilanna til að meta hvort þörf sé fyrir frekari aðgerðir á þessu sviði. Við munum einnig setja fram viðmiðunarreglur í samræmi við bestu starfshætti á alþjóðavísu til að stuðla að skjótri endurskipulagningu á skuldastöðu heimilanna án aðkomu dómstóla, og það mun tryggja að í öllum fjármálastofnunum verður unnið samkvæmt samræmdri áætlun, þar sem tekið er tillit til aðstæðna.
- Auk þess hefur regluverk varðandi gjaldþrot einstaklinga verið endurskoðað í þeim tilgangi að meta hvort frekari lagabreytinga sé þörf, þar með talið hvort kveðið skuli á um ráðgjafarþjónustu í lögnum og að þau taki einnig til eigenda tryggðra skuldabréfa í greiðsluaðlögunarferli einstaklings. Dómsmálaráðuneytið hefur gefið út skýrslu sem inniheldur helstu umbótatillögurnar og mun leggja fram frumvarp fyrir Alþingi í nóvember 2009.

17. Nauðsynlegt verður að mæta skuldavanda fyrirtækja með valfrjálsum úrræðum og aðgerðum sem byggja á gjaldþrotlögnum, sem og með aðstoð eignasýslufélags:

- Unnið verður að því með bönkunum að hægt verði að greiða úr skuldum fyrirtækja án aðkomu dómstóla. Við munum ásamt þeim endurskoða leiðbeiningar þeirra um endurskipulagningu utan dómstóla. Í samræmi við bestu starfshætti á alþjóðavísu er um að ræða: valkvæða greiðslustöðvun og stöðvun aðfara, ákvæði um endurfjármögnun, og upplýsingaflæði frá skuldara til kröfuhafa. Leiðbeiningarnar munu kveða á um lágmarkskilyrði þess að hægt sé að breyta lánaskilmálum (ef slíkt er nauðsynlegt), þar með talið þau skilyrði sem gilda um skuldara þegar lán eru endurskipulögð. Þess er vænst að endurskipulagning gangi hraðar fyrir sig þegar

viðeigandi leiðbeiningar liggja fyrir og breytingar á lögum um gjaldþrot fyrirtækja hafa verið samþykktar.

- Dómsmálaráðuneytið hefur gefið út skýrslu sem inniheldur helstu tillögur um endurbætur á lögum um gjaldþrot fyrirtækja og samsvarandi breytingatillögur á lögnum verða lagðar fyrir Alþingi í nóvember 2009. Endurskoðunin mun beinast að eftirfarandi atriðum: (i) að greiðsluþol verði kannað áður en til gjaldþrots komi; (ii) að dómsúrskurði verði hraðað varðandi endurskipulagningu sem starfhæf fyrirtæki og ákveðinn meirihluti kröfuhafa hafa komið sér saman um; (iii) að eigendur tryggðra skuldabréfa eigi aðkomu að endurskipulagningunni; (iv) að greitt verði fyrir nýrri fjármögnun meðan á endurskipulagningu fyrirtækis stendur með því að gera grein fyrir hver forgangsröðun slíkrar fjármögnunar skuli vera; (v) að fram komi í hvaða röð kröfur tengdra aðila, sem njóta ábyrgðar, skulu vera við gjaldþrotaskipti; (vi) að starfsreglur verði hertar til að skiptameðferð óstarfhæfra fyrirtækja gangi hratt fyrir sig, og (vii) að komið verði á samræmdum starfsháttum milli íslenskra og erlendra dómsstóla þegar um gjaldþrot sem ná yfir landamæri er að ræða.
- Lög sem kveða á um stofnun eignasýslufélags voru samþykkt á Alþingi í júlí 2009. Eignasýslufélagið á að tryggja að fjárhagsleg endurskipulagning tiltekinna stórra fyrirtækja undir stjórn bankanna gangi nægilega hratt fyrir sig. Eignasýslufélaginu er ætlað að hafa umsjón með eignum, sem þurfa þó ekki að vera í eigu félagsins, og gera okkur kleift að nýta sérfræðipækkingu og efla samlegð (hið síðarnefnda með því að endurskipuleggja fyrirtæki sem eru sameiginlegir viðskiptavinir bankanna með aðstoð fulltrúa þeirra). Eignasýslufélaginu er ætlað að annast fjárhagslega endurskipulagningu stórra fyrirtækja sem eru starfhæf. Það verður sett undir faglega stjórn sem fær það verkefni að hámarka endurheimt eigna.

Stefnan í opinberum fjármálum

18. **Fjármálastefna okkar mun áfram beinast að því að styrkja sjálfbærni í opinberum fjármálum og draga úr harkalegum skamm-tíma áhrifum kreppunnar á almenning í landinu.** Gæta verður aðhalds í fjármálum hins opinbera til að hægt verði að ná viðráðanlegri skuldastöðu, lágmarka fjármögnunarpörf og stuðla að stigminnkandi gjaldeyrishöftum og tilslökun í peningamálum. En þetta verður að gera með hæfilegum hraða til að neikvæð áhrif kreppunnar aukist ekki og hægt verði að standa vörð um grundvallaratriði hins norræna velferðarkerfis.

19. **Í samræmi við fjármálastefnuna í heild sinni hefur fjárlagahalli ársins 2009 aukist verulega, en nú verður gripið til aðgerða til að draga úr honum.** Í fjárlögum ársins 2009 var tekið fullt tillit til þeirra áhrifa sem vænst var að kreppan hefði sjálfkrafa á tekjur og útgjöld, en áhrif hennar hafa aukist verulega síðan þau voru sett. Nú þegar mestu hræringarnar í fjármálakerfinu eru að baki, og tími hefur gefist til að vinna að samkomulagi um aðgerðir í efnahagsmálum, munum við herða stefnu okkar þar að lútandi. Heildaraðlögunin nemur 30 milljörðum króna (2% af landsframleiðslu). Á útgjaldahliðinni er

skorið niður í rekstri, fjárfestingum og viðhaldi, og þarfamat varðandi félagslegar bætur verður endurskoðað. Heildarhalli hins opinbera á árinu 2009 (að meðtöldum áföllnum vöxtum) yrði takmarkaður við 14,4% af landsframleiðslu, sem yrði í samræmi við hreinan lánsfjárfjöfnuð hins opinbera (að meðtöldum áföllnum vöxtum) sem nemur 200 milljörðum króna. Við vonumst til að geta dregið enn frekar úr þessum halla með því að leggja allar umframtekjur til hliðar.

20. **Búið er að gera áætlun um aðhald í ríkisfjármálum til millilangs tíma.** Áætlunin hefur verið samþykkt af ríkisstjórninni (**forgangsaðgerð** fyrir endurskoðun). Rætt var um áætlunina við aðila vinnumarkaðarins í tengslum við stöðugleikasáttmálann sem gerður var í júní 2009 og einnig hefur verið fjallað um hana á Alþingi. Áætlunin er margþætt:

- Í henni eru sett fram skýr markmið í opinberum fjármálum. Innleiddar verða aðgerðir sem munu bæta frumjöfnuð *hins opinbera* um 5½% af landsframleiðslu árið 2010 (gert er ráð fyrir áhrifum þeirra aðgerða sem gripið var til árið 2009 á ársgrundvelli), um 4½% af landsframleiðslu ársins 2011, og um 3½% af landsframleiðslu árið 2012 (frá um -8¼% af landsframleiðslu ársins 2009). Heildarhalli hins opinbera ætti samkvæmt því fara úr 14,4% af landsframleiðslu árið 2009 í 10,9% af landsframleiðslu árið 2010 (að meðtöldum áföllnum vöxtum), og árið 2013 ætti að verða tekjuafgangur.
- Til að þessum markmiðum verði náð munum við fínstilla hreinan fjármagnsjöfnuð ríkissjóðs. Eins og fram kemur í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins munu ríki og sveitafélög vinna náið saman að því að framfylgja aðhaldi í fjármálum og þróun fjárhags hins opinbera. Einnig verður lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga verði betur samræmdar fjármálastefnu ríkisins (með því að gera strangari kröfur um meira jafnvægi í fjárhagsáætlunum og takmarka lán).
- Þar er sett fram áætlun um nauðsynlegar ráðstafanir, fjallað um hvaða árangri helstu aðgerðirnar skila og hvata fyrir hugsanlega samsetningu stefnunnar. Aðgerðirnar samanstanda af tekjuöflun og niðurskurði útgjalda:
 - Aðgerðir til tekjuöflunar miða að því að frumtekjuhlutfall ríkissjóðs verði orðið a.m.k. 32% af landsframleiðslu árið 2013 og að aukinni skattbyrði verði dreift á sanngjarnan hátt. Skoða þarf tekjuskattkerfi einstaklinga og fyrirtækja, hækkun neysluskatta, leiðir til að standa straum af atvinnuleysisbótum, umhverfisskatta og hvort fella megi niður tiltekin skattaútgjöld.
 - Niðurskurðaraðgerðir miða að því að lækka hlutfall frumútgjalda ríkissjóðs í um það bil 25% af landsframleiðslu árið 2013. Þær beinast að frekari niðurskurði í rekstri, strangara þarfamati á félagslegum bótum og verulegum samdrætti í fjárfestingum, sem höfðu aukist mikið á undanförunum árum.

Standa skal vörð um félagslega velferðarkerfið, sem og atvinnuskapandi fjárfestingar og viðhald.

21. **Byrjað var að innleiða fjárhagsáætlunina við undirbúning fjárlaga fyrir fjárhagsárið 2010.** Til að ná því markmiði okkar að bæta frumjöfnuð hins opinbera um 5½% af landsframleiðslu væntum við þess að þurfa að hækka frumtekjuhlutfall hins opinbera um 3¼% af landsframleiðslu, og lækka frumútgjöld hins opinbera um 2½% af landsframleiðslu, til að jafnast á við áætlaða útkomu ársins 2009 (frumútgjöld ríkissjóðs á rekstrargrunni myndu þá nema 456 milljörðum króna). Nýjar aðgerðir til tekjuöflunar munu taka til breytinga á tekjuskattkerfi einstaklinga, m.a. með því að samræma það skattlagningu fjármagnstekna, sem og frekari hækkana á vörugjöldum og umhverfissköttum, og meiri breytinga á virðisaukaskattkerfinu. Nýjar niðurskurðaraðgerðir taka til launalækkana, niðurskurðar á núverandi útgjöldum ríkisins, umbóta á félagslega bótakerfinu og frekari samdráttar í fjárfestingum og viðhaldi.

22. **Unnið er að áætlun sem tryggir að hægt verði að standa straum af hinum mikla fjárlagahalla sem við stöndum frammi fyrir og draga úr áhættu vegna ábyrgða.** Þessi áætlun mun miða að því að lengja endurgreiðsluferli krónuskulda og létta endurgreiðslubyrði erlendra skulda, sem og að þess sé gætt að innstæður ríkisins séu ásættanlegar og dregið sé úr áhættu vegna ábyrgða ríkissjóðs. Þessi áætlun verður fullmótuð með faglegri aðstoð sérfræðinga á sviði skulda og fjárstýringar, meðal annars frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Við leggjum til að samþykki fjármálaráðherra varðandi áætlunina liggi fyrir í lok desember 2009 og verði **skipulagsmarkmið**.

23. **Ráðstafanir hafa verið gerðar til umbóta á umgjörð ríkisfjármála og stjórn opinberra fjármála (skipulagsmarkmið fyrir júnílok).** Markmiðið er að styðja við aðhald í ríkisfjármálum með því að draga úr hækkunum á útgjöldum innan árs (neikvætt einkenni á nýlegum fjárlögum). Eins og fram kemur í fjárhagsáætlun okkar felur hún í sér að útgjaldaþak verður bundið til nokkurra ára (að undanskildum fáeinum óvalkvæðum liðum sem háðir eru sveiflum, og með fyrirvara um verðbólgebreytingar sem gætu gert sveigjanleika áætlunarinnar að engu); 1–2% verður varið í sjóð til að mæta frávikum og ófyrirsjáanlegum útgjöldum, takmörkunum á fjáraukalögum, takmörkunum á lánnum af fjárveitingum næstu ára, niðurfellingu mikils uppsafnaðs tekjuafgangs og takmörkunum á áframhaldandi yfirfærslu á útgjöldum.

Erlendar lánveitingar

24. **Samið hefur verið um nánast öll tvíhliða lánsfjarloforð:**

- Gengið hefur verið frá samkomulagi við Norðurlöndin og Pólland og það staðfest að fullu, og þar með fæst fjárstuðningur sem nemur alls 2¾, milljörðum bandaríkjadala. Einnig hefur verið gengið frá láni frá Færeyjum og það hefur verið greitt út.

- Samningar hafa einnig verið gerðir við Breta og Hollendinga, á vegum framkvæmdavaldsins, um greiðslu innstæðutrygginga í erlendum útibúum Landsbankans. Við væntum þess að samningarnir verði staðfestir hið fyrsta, en það ætti að greiða fyrir því að tvíhliða lán sem lofað hefur verið verði greidd út. Í samningunum er gert ráð fyrir að eignir fallna bankans standi að mestu leyti straum af þessum innstæðutryggingum, en það sem upp á vantar verður tryggt með láni sem ríkissjóður Íslands ábyrgist.

Viðbúnaðarlán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ofangreind lán munu gera okkur kleift að halda uppi nægjanlegum gjaldeyrisforða. Þótt mikil erlend skuldabyrði Íslands aukist þar með verulega eru lánaskilyrðin í samræmi við greiðslugetu okkar í náninni framtíð og til millilangs tíma. Mat á því hvernig gengur að mæta fjárþörf okkar verður áfram hluti af ársfjórðungslegum endurskoðunum á áætluninni.

Öryggisráðstafanir

25. **Ákvæði um ytri endurskoðun Seðlabanka Íslands hafa verið hert.** Við öryggisúttekt á Seðlabanka Íslands, sem framkvæmd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, kom fram að bókhaldi og skýrslugerð er í engu ábótavant, en lagt var til að breytingar yrðu gerðar á fyrirkomulagi ytri endurskoðunar. Samkvæmt því mun Ríkisendurskoðun eigi síðar en í lok júlí ráða alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki til að annast, í sínu umboði, árlega ytri endurskoðun Seðlabankans í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla.